

Reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna

- Kynning á breytingum

Helga Ösp Jónsdóttir
25. nóvember 2021

Reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna:

- Sett árið 2015 til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB um sjálfbæra notkun varnarefna.
 - Einnig unnin upp úr ákvæðum eldri reglugerða.
- **Er fallin úr gildi.**

Reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna:

- Tók gildi **10. júní 2021.**



Samráðsgátt

– opið samráð stjórnvalda við almenning



Samráð fyrirhugað
05.03.2021–19.03.2021



Til umsagnar
05.03.2021–19.03.2021



Niðurstöður í vinnslu frá
19.03.2021



Niðurstöður birtar
14.06.2021

REGLUGERÐ um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

Mál nr. 72/2021 | Birt: 05.03.2021 | Síðast uppfært: 14.06.2021

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið | Drög að reglugerð

Málefnasvið: Umhverfismál | Landbúnaður

Niðurstöður birtar

Niðurstaða málsins er sú að reglugerð nr. 677/2021 var gefin út 25. maí 2021. Innkomnar umsagnir gáfu ekki tilefni til að breyta þeim drögum sem kynnt voru í samráðsgátt.

[Nánar um niðurstöður](#)

[Skjal að loknu samráði](#)

Ábyrgðaraðili

Skrifstofa umhverfis- og skipulags
postur@uar.is

Skjöl til samráðs

Drög að reglugerð um meðferð
plöntuverndarvara og
útrýmingarefna

[Sækja skjal - 59 kb](#)

Fylgiskjöl

Tilefni breytinga

- Uppfærsla til samræmis við nýjustu breytingar á efnalögum.
- Breytt hugtakanotkun mest afgerandi.
- Gera reglugerðina skýrari m.t.t. plöntuverndarvara og útrýmingarefna.
- Skýra betur eða afmarka einstök ákvæði.
- Einstök ákvæði felld brott.

[← Yfirlit reglugerða](#)

Upplýsingar

Ráðuneyti:

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tók fyrst gildi:

10. júní 2021

[Þessi útgáfa á PDF formi](#)[Afrita hlekk á þessa útgáfu](#)[Skjal í Stjórnartíðindum](#)

Áhrif 677/2021 á aðrar reglugerðir

Fellir brott 980/2015

Fellir brott 155/2018

Ísland.is • Reglugerðir • 677/2021

● Stofnreglugerð

677/2021

Reglugerð um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

[Birta efnisyfirlit +](#)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að vernda menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna, tryggja að þeir sem koma að markaðssetningu, meðferð og notkun plöntuverndarvara og útrýmingarefna hafi aflað sér nægilegrar þekkingar á öruggri meðferð þeirra, setja ramma fyrir því að draga úr notkun plöntuverndarvara eða útrýmingarefna og takmarka eða banna notkun þeirra á viðkvæmum svæðum.

2. gr.

Gildissvið.

Kaflar reglugerðarinnar:

- I. Markmið, gildissvið og skilgreiningar
- II. Kaup og móttaka plöntuverndarvara og útrýmingarefna, notendaleyfi, ábyrgðaraðilar fyrir markaðssetningu plöntuverndarvara og útrýmingarefna, nám, námsefni og próf.
- III. Meðferð og upplýsingar um notkun plöntuverndarvara og útrýmingarefna og leifa af þeim
- IV. Notkun útrýmingarefna við eyðingu meindýra í atvinnuskyni.
- V. Notkun plöntuverndarvara við úðun garða í atvinnuskyni.
- VI. Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara, áhættuvísar og samþættar varnir gegn skaðvöldum.
- VII. Skoðun búnaðar til að dreifa plöntuverndarvörum.
- VIII. Takmörkun á notkun.
- IX. Eftirlit, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Viðaukar reglugerðarinnar:

- I. Námsþættir á námskeiði fyrir þá sem hyggjast nota útrýmingarefni í atvinnuskyni við eyðingu meindyra, sbr. 9. gr.
- II. Námsþættir á námskeiði fyrir þá sem hyggjast nota plöntuverndarvörur í atvinnuskyni í landbúnaði og garðyrkju, sbr. 9. gr.
- III. Námsþættir á námskeiði fyrir þá sem hyggjast gerast ábyrgðaraðilar í markaðssetningu á plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum, sbr. 9. gr.
- IV. Heilbrigðis-, öryggis- og umhverfiskröfur varðandi skoðun á búnaði til dreifingar á plöntuverndarvörum.
- V. Almennar meginreglur um samþættar varnir gegn skaðvöldum.
- VI. Áhættuvísar vegna notkunar plöntuverndarvara.

Hugtök

Varnarefni:

- Notkun á hugtakinu varnarefni er hætt.
- **Plöntuverndarvörur** eða **útrýmingarefni** notuð í staðinn, eftir því sem við á.

Plöntuverndarvara er efni eða efnablanda, sem inniheldur eitt eða fleiri virk efni eða örverur, aðrar lífverur eða hluta þeirra, sem notað er til þess að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri af völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti plantna, svo sem plöntulyf, illgresiseyðar og stýriefni.

Útrýmingarefni er nagdýraeitur, lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingjum, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum.

Hugtök

Notendaleyfisskyldar vörur:

„Plöntuverndarvara eða útrýmingarefni þar sem **skilgreint er í markaðsleyfi** að varan sem um ræðir sé **einungis ætluð til notkunar í atvinnuskyni** hvort sem er í landbúnaði, garðyrkju eða við eyðingu meindýra.“

Meindýr:

„Rottur og mýs annars vegar og skordýr og aðrir hryggleysingar hins vegar, sem valda tjóni eða umtalsverðum óhreinindum í eða við hýbýli manna, í gripahúsum, farartækjum, vöruskemmum o.s.frv. **Um tjón af völdum villtra fugla og villtra spendýra gilda ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og laga um velferð dýra**“.

Markaðssetning á vörum til almennar notkunar

- Í markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru eða útrýmingarefni koma fram upplýsingar um leyfða notkun, takmarkanir fyrir almenning og merkingar.

- Ríkari áhersla á upplýsingagjöf til almennings:

„Þeir sem markaðssetja plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til almennrar notkunar skulu veita þeim sem kaupa og nota umræddar vörur almennar upplýsingar um áhættu af notkun þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfið, sérstaklega hvað varðar hættu, váhrif, rétta geymslu, meðhöndlun, notkun og örugga förgun“.

Notendaleyfi

Notendaleyfi:

Gildistími notendaleyfi verður allt að **8 ár**, með möguleika á að framlengja í **2 ár**.

Skilyrði fyrir endurnýjun á notendaleyfi verða:

- Að hafa lokið **námi eða námskeiði** um meðferð plöntuverndarvara eða útrýmingarefna.
 - Að Vinnueftirlit ríkisins hafi tekið út aðstöðu og búnað umsækjanda.
- Frá **1. janúar 2022** þurfa einstaklingar að hafa lokið námi eða námskeiði fyrir endurnýjun á notendaleyfi.
- Notendaleyfishafar þurfa að sækja um endurnýjun eða framlengingu á notendaleyfi.

Ábyrgðaraðilar fyrir markaðssetningu

- Dreifandi sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur skal tilnefna nafngreindan ábyrgðaraðila til að tryggja að nægjanleg fagþekking sé innan fyrirtækis.
- Skal vera til taks þegar sala fer fram til að veita viðskiptavinum upplýsingar notkun og áhættu.
- Ábyrgðaraðili skal hafa lokið námi eða námskeiði sem Umhverfisstofnun metur gilt.

Ferill fyrir tilnefningu ábyrgðaraðila:

1. Fyrirtæki þarf að tilnefna ábyrgðaraðila.
2. Umhverfisstofnun staðfestir tilnefningu ábyrgðarmanns með útgáfu vottorðs.
3. Umhverfisstofnun birtir lista á heimasíðu yfir tilnefnda ábyrgðaraðila.
4. Ef ábyrgðaraðili lætur af störfum þarf fyrirtækið að tilkynna um nýjan ábyrgðaraðila.

Framkvæmd eyðingar meindýra og úðunar garða

- Aukinn skýrleiki

Eyðing meindýra – 16. gr.:

- Allir sem starfa við eyðingu á meindýrum, **p.m.t. rottum, músum, skordýrum og öðrum hryggleysingjum** í atvinnuskyni skulu hafa notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum.
- **Eingöngu handhafar notendaleyfis mega nota útrýmingarefni við framkvæmd eyðingar meindýra.**
- **Við eyðingu á meindýrum gilda ákvæði laga um velferð dýra og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.**

Úðun garða – 18. gr.:

- **Eingöngu handhafar notendaleyfis mega nota plöntuverndarvörur við framkvæmd á úðun garða.**

Skylda til að varðveita upplýsingar um notkun

Varðveisla á upplýsingum um notkun útrýmingarefna – 16. gr.:

- Þeir sem nota útrýmingarefni í atvinnuskyni skulu **halda skrár** í a.m.k. **þrjú ár** yfir þær vörur sem þeir nota.
 - Í skránni þarf að koma fram heiti vöru, notkunartími, skammtur og svæði.

Varðveisla á upplýsingum um notkun plöntuverndarvara – 18. gr.:

- Þeir sem nota plöntuverndarvörur í atvinnuskyni skulu **halda skrár** í a.m.k. **þrjú ár** yfir þær vörur sem þeir nota.
 - Í skránni þarf að koma fram heiti vöru, notkunartími og skammtur, svæði, á hvaða nytjaplöntu varan var notuð á.

Skýrslugjöf um rottur og veggjalús

- Ákvæði um skýrslugjöf um útrýmingu á rottum og veggjalús felld brott úr reglugerðinni.
„Að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalús ber handhafa notendaleyfis að gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar...“.
- Ekki lagastoð fyrir ákvæðinu í efnalögum nr. 61/2013.
- Innsend umsögn í Samráðsgátt þar sem vakin var athygli á því að ákvæðið ætti ekki að fara úr reglugerðinni.
- Ráðuneytið svaraði því til að ákvæðið ætti frekar að falla undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eftirlit með ákvæðum reglugerðarinnar

Umhverfisstofnun:

Framkvæmir eftirlit með efnum og efnablöndum á markaði.

Eftirlit með sölu á notendaleyfisskyldum vörum.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna:

Framkvæmir eftirlit með meðferð og merkingum efna og efnablandna í starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi.

Eftirlit með starfsemi sem fellur undir starfsleyfi fyrir eyðingu meindýra og við úðun garða.

Vinnueftirlit ríkisins:

Framkvæmir eftirlit með notkun, meðferð og merkingu efna á vinnustöðum.

Eftirlit með aðstöðu notendaleyfishafa og búnaði við dreifingu plöntuverndarvara.

Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara

Ný Aðgerðaráætlun um notkun plöntuverndarvara 2021-2036.

- Uppfærðar upplýsingar um markaðssetningu og notkun.
- Markmiðin uppfærð – Notkun er að minnka.



UMHVERFIS-OG
AUBLINDARÁDUNEYTIÐ

Aðgerðaáætlun um
notkun varnarefna
2016-2031



Hvernig má draga úr notkun
plöntuverndarvara í þéttbýli, öðru
mannerðu umhverfi og gegn ágengum
tegundum?



Markaðssetning og notkun
plöntuverndarvara
2013-2020

